

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 22. október 2024
UST202409-293/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029- Sandártunga

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Skeiða - og Gnúpverjahreppi er barst 26. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir Sandártungu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint verður nýtt efnistökusvæði með heimild fyrir allt að 200.000 m³ efnistöku á allt að 4,2 ha svæði, þar sem skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkar sem því nemur.

Vatnaáætlun

Í kafla 3.3 er fjallað um vatnaáætlun, þau vatnshlot sem eiga í hlut og númer þeirra sem er fínt, en einnig þarf að fjalla um umhverfismarkmið þeirra. Auk þess þarf að yfirfara textann um ástand þeirra.

Fyrir Sandá¹ er vistfræðilegt markmið mjög gott og efnafræðilegt markmið gott. Vistfræðilegt ástand Sandár er metið mjög gott, en efnafræðilegt ástand fyrir ána er óþekkt. Einnig þarf að fjalla um umhverfismarkmið og ástand fyrir Þjórsá² og grunnvatnið Efri-Þjórsá.³

Svo þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin og setja fram í umhverfismatsskýrslu með viðeigandi umhverfisviðmið og matsspurningum. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

Efnistakan sem slík virðist ekki vera í ánum, en Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, ber rekstraraðila að sjá til þess að vatnsgæðum vatnhlota hraki ekki vegna starfseminnar. Efnistaka úr vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnhlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun. Fjarlæging á efni (set og mól)

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-907-R>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-663-R>

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-211-G>

úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Umferð

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á umferð, hávaða og loftgæði.

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“*

Landslag

Umhverfisstofnun bendir á að landslag er misviðkvæmt fyrir áhrifum efnistöku, hvort sem efnistakan skerðir ákveðin landform eða ný form bætast við. Áður en efnistaka hefst er mikilvægt að fyrir liggi hve mikla efnistöku landslagsheild þolir án þess að svipmót hennar spillist.

Umhverfisstofnun bendir á að opið landslag er víðátta þar sem land er tiltölulega slétt. Allar breytingar verða mjög sýnilegar og erfitt að forðast sýnilega efnistöku á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að laga efnistöku að þeim landformum sem fyrir eru.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð nýtur hraunið innan skipulagssvæðisins sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu þeirra í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur